


ORÐAÞRENNNA VIKUNNNAR

Orðaprenna vikunnar er verkefni í Hraunvallaskóla. Höfundar þess eru Kristín Guðnadóttir og Ingibjörg Edda Haraldsdóttir og kenna þær íslensku sem annað tungumál.


Tilgangur verkefnisins er að auðga orðaforða og efla lesskilning nemenda. Þrjú orð eru tekin fyrir vikulega, fjórar vikur í senn, og eru kennarar og starfsmenn hvattir til að taka þátt. Í fimmtu hverri viku er upprifjun á orðum síðustu fjögurra vikna.




Orðin sem valin eru eiga það sameiginlegt að að heyrast ekki oft í daglegu tali en eru algeng í lesmáli og einkenna tal þroskaðra málnotenda (Tier 2 orð). Leitast er við að nota orð sem koma fyrir í námsefni nemenda og er mikilvægt að þau skilji. [Sjá nánar í fræðsluskoti okkar um lagskiptingu orðaforða.](#)

Til þess að gera verkefnið enn sýnilegra hefur Orðaprenna vikunnar verið hengd upp á marga veggi skólans í lok hverrar viku.


Hér eru dæmi um hvernig kennarar hafa unnið skriflega og munnlega með Orðaprennu vikunnar.



Unglingadeild



6. bekkur



2. bekkur

Orðaprenna
þessarar
viku er

7. bekkur

Upprifjun er mikilvæg. Í lok skólaárs hafa Kahoot verkefni með orðum vetrarins verið unnin og einnig hefur verið efnt til smásögukeppni.

ORÐAÞRENNNA VIKUNNAR SMÁSÖGUSAMKEPPNI

Við efnum til smásögukeppni á yngsta-, mið- og unglingastigi. Sagan þarf að falla í einn af eftirfarandi flokkum: hrollvekja, spennusaga eða ævintýri. Þrenn verðlaun eru veitt, ein á hverju stigi.


Sagan má vera allt að tvær A4 blaðsíður á 12 punkta lettri eða að hámarki fjórar handskrifaðar síður.

Fimm af eftirfarandi orðum þurfa að koma fram í sögunni: *verðmæti, lífsháski, andvaka, tilgangur, lágvær, gegnsósa, afleiðing, skammdegi, sóun, fannfergi, öræfi, ályktun, hugfanginn, hefð, rækta.*

Hraunvallaskóli áskilur sér rétt til að birta verðlaunasögurnar ásamt öðrum sögum sem sendar eru inn.

Skilafrestur er til 15. maí 2017 Smásagnahöfundar eru beðnir um að skila sögunum undir dulnefni til ritara í umslagi merktu „SMÁSÖGUSAMKEPPNI“ en láta rétt nafn og bekk fylgja með í lokuðu umslagi.

Gangi ykkur vel!



Með kveðju,
Orðaðrennunefndin



Tölvupóstur sem var sendur til foreldra og forráðamanna:

Kæru foreldrar og forráðamenn

Orðaðrenna vikunnar er nýtt verkefni í skólanum og er tilgangur þess að auðga orðaforða nemenda og efla lesskilning. Þrjú orð eru tekin fyrir vikulega og taka kennarar og starfsmenn skólans þátt í að nota þessi orð, sumir munnlega og aðrir skriflega. Að viku liðinni eru ný orð valin og svo koll af kolli. Orðin eiga það sameiginlegt að heyrast ekki oft í daglegu tali en eru algeng í lesmáli og einkenna tal þroskaðra málnotenda.

Við hvetjum foreldra og forráðamenn til að taka þátt í verkefninu með okkur en góður orðaforði er lykillinn að lesskilningi og farsælu námsgengi.

Sum orðin hafa margræða merkingu og geta skapað skemmtilegar umræður og stemningu.

-Myndir sem notaðar eru í Orðaðrennu vikunnar eru flestar af efnisveitunni pixabay.com.

-Öllum er frjálst að nota Orðaðrennu vikunnar.

-Sendið tölvupóst á fraedsluskot@gmail.com ef þið eruð með spurningar eða ábendingar um eitthvað sem betur má fara.